

**Frjálsi
fjárfestingarbankinn hf.**

**Árshlutareikningur
30. júní 2004**

Frjálsi fjárfestingarbankinn hf.
Ármúla 13a
108 Reykjavík

Kt. 691282-0829

Efnisyfirlit

	bls.		bls.
Áritun stjórnenda	3	Efnahagsreikningur	6
Áritun endurskoðenda	4	Yfirlit um sjóðstreymi	8
Rekstrarreikningur	5	Skýringar	9

Áritun stjórnenda

Frjálsi fjárfestingarbankinn hf. og Löfgang ehf. voru sameinuð miðað við 1. janúar 2004. Frjálsi fjárfestingarbankinn hf. átti allt hlutfé í Löfgangi ehf.

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lánastofnana. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og á síðasta ári.

Samkvæmt rekstrarreikningi bankans nam hagnaður tímabilsins 1. janúar til 30. júní 221 millj. kr. Eigið fé samkvæmt efnahagsreikningi nam 3.152 millj. kr. í lok tímabilsins. Eiginfjárhlutfall, sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, var 26,7% en samkvæmt lögnum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%.

Í lok tímabilsins voru hluthafar 5. Einn hluthafi átti yfir 10% eignarhlut í bankanum en það er Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis sem átti 99,9%.

Stjórn Frjálsa fjárfestingarbankans hf. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með árshlutareikning bankans fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2004 með undirritun sinni.

Reykjavík, 25. ágúst 2004.

Stjórn bankans:

Guðmundur Hauksson

Óskar Magnússon

Ólafur Haraldsson

Árni Þór Sigurðsson

Framkvæmdastjóri:

Kristinn Bjarnason

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar og hluthafa í Frjálsa fjárfestingarbankanum.

Við höfum kannað árs hlutareikning Frjálsa fjárfestingarbankans fyrir tímabilið 1. janúar - 30. júní 2004. Reikningurinn hefur að geyma í rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar nr. 1 - 17. Árs hlutareikningurinn er byggður á gögnum bankans og upplýsingum frá stjórnendum hans.

Könnun okkar fól í sér spurningar til starfsmanna Frjálsa fjárfestingarbankans og greiningu á helstu liðum reikningsskilanna auk samanburðar á kennitölum. Slík könnun felur ekki að öllu leyti í sér sömu aðgerðir og endurskoðun, sem unnin er eftir viðurkenndum endurskoðunarvenjum og hefur það að markmiði að láta í ljós álit á reikningsskilum í heild. Slíkt álit er því ekki látið í ljós.

Könnun okkar leiddi ekki í ljós neitt það sem gefur tilefni til breytinga á árs hlutareikningnum.

Reykjavík, 25. ágúst 2004.

Sigurður Jónsson

Reynir Stefán Gylfason

KPMG Endurskoðun hf.

Rekstrarreikningur 1. janúar til 30. júní 2004

	Skýr.	2004 1.1-30.6	2003 1.1-30.6
Vaxtatekjur:			
Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir		1.507	7.477
Vaxtatekjur af útlánunum		950.904	764.923
Vaxtatekjur af markaðsbréfum		0	122.013
	4	<u>952.411</u>	<u>894.413</u>
Vaxtagjöld:			
Vaxtagjöld til lánastofnana		169.546	178.948
Vaxtagjöld af lántöku		336.602	352.892
	4	<u>506.148</u>	<u>531.840</u>
		Hreinar vaxtatekjur	446.263
			362.573
Aðrar rekstrartekjur:			
Tekjur af hlutabréfum og öðrum eignarhlutum		0	23
Þjónustutekjur	5	30.048	27.994
Gengistap		(311)	(2.781)
Ýmsar rekstrartekjur		18.044	18.504
		<u>47.781</u>	<u>43.740</u>
		Hreinar rekstrartekjur	494.044
			406.313
Önnur rekstrargjöld:			
Laun og launatengd gjöld		85.079	71.022
Annar almennur rekstrarkostnaður		35.610	30.309
Afskriftir rekstrarfjármuna		2.781	2.873
		<u>123.470</u>	<u>104.204</u>
Framlag í afskriftareikning útlána	16	(100.000)	(30.000)
		Hagnaður fyrir skatta	270.574
			272.109
Tekjuskattur		(48.703)	(48.980)
Eignarskattur		(615)	(2.500)
Hagnaður tímabilsins	19	<u>221.256</u>	<u>220.629</u>
Hagnaðarhlutur:			
Hagnaður á hverja krónu hlutafjár	6	0,2	0,2

Efnahagsreikningur

Eignir

	Skýr.	30.6.2004	31.12.2003
Kröfur á lánastofnanir:			
Bundnar kröfur á Seðlabanka		2.287	2.248
Kröfur á aðrar lánastofnanir		62.173	74.776
		<u>64.460</u>	<u>77.024</u>
Útlán:			
	7-9, 15-16		
Útlán til viðskiptamanna		15.629.334	13.457.202
Fullnustueignir		42.428	67.653
		<u>15.671.762</u>	<u>13.524.855</u>
Markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum:			
	10,17		
Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum		32.160	32.160
Hlutir í tengdum félögum		552	552
		<u>32.712</u>	<u>32.712</u>
Aðrar eignir:			
Rekstrarfjármunir	11	45.671	40.738
Ýmsar eignir		12.793	27.112
		<u>58.464</u>	<u>67.850</u>
Eignir samtals		<u><u>15.827.398</u></u>	<u><u>13.702.441</u></u>

30. júní 2004

Skuldir og eigið fé

	Skýr.	30.6.2004	31.12.2003
Skuldir við lánastofnanir		<u>6.353.269</u>	<u>4.213.502</u>
Lántaka		<u>6.113.413</u>	<u>6.501.864</u>
Aðrar skuldir		<u>208.133</u>	<u>55.748</u>
Tekjuskattsskuldbinding	12	<u>1.062</u>	<u>1.062</u>
Eigið fé:			
Hlutfé		1.096.702	1.096.702
Yfirverðsreikningur		142.445	142.445
Lögbundinn varasjóður		131.731	131.731
Óráðstafað eigið fé		<u>1.780.643</u>	<u>1.559.387</u>
Eigið fé samtals	19-20	<u>3.151.521</u>	<u>2.930.265</u>
z			
Skuldir og eigið fé samtals		<u><u>15.827.398</u></u>	<u><u>13.702.441</u></u>
Utan efnahagsreiknings:			
Aðrar skuldbindingar	14,21		

Yfirlit um sjóðstreymi 1. janúar til 30. júní 2004

	Skýr.	2004 1.1.-30.6	2003 1.1.-30.6
Rekstrarhreyfingar:			
Hagnaður tímabilsins	19	221.256	220.629
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Framlag í afskriftareikning útlána	16	100.000	30.000
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna		2.781	2.873
Aðrir liðir	(626)	33
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum	(21.758)	22.883
Handbært fé frá rekstri		<u>301.653</u>	<u>276.418</u>
Fjárfestingarhreyfingar:			
Bundið fé í Seðlabanka, breyting	(39)	107.608
Kröfur á aðrar lánastofnanir, breyting		26.968	111.263
Útlán, breyting	(2.246.907)	(616.677)
Fjárfestingaskuldabréf, breyting		0	(3.736)
Veltuhlutabréf, breyting		0	18.054
Eignarhlutir í tengdum félögum, breyting		0	(552)
Keyptir rekstrarfjármunir	(10.238)	(4.727)
Seldir rekstrarfjármunir		3.150	0
Fjárfestingarhreyfingar	(<u>2.227.066</u>)	(<u> 388.767</u>)
Fjármögnunarhreyfingar:			
Skuldir við lánastofnanir, breyting		2.328.228	748.058
Lántaka, breyting	(388.451)	(613.604)
Fjármögnunarhreyfingar		<u>1.939.777</u>	<u>134.454</u>
Hækkun á handbæru fé		<u>14.364</u>	<u>22.105</u>
Handbært fé í byrjun tímabilsins		<u>47.809</u>	<u>21.209</u>
Handbært fé í lok tímabilsins	13	<u><u>62.173</u></u>	<u><u>43.314</u></u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

1. Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lánastofnana. Árshlutareikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum.
2. Hlutdeildarfélög eru þau félög þar sem bankinn hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en hefur ekki yfirlit. Árshlutareikningurinn inniheldur hlutdeild bankans í afkomu hlutdeildarfélaganna frá upphafi áhrifa til loka þeirra. Verði hlutdeild bankans í tapi þeirra hærra en bókfært verð hlutdeildarfélaganna er bókfærða verðið fært í núll og færslu frekara taps er hætt nema bankinn hafi gengist í ábyrgðir fyrir hlutdeildarfélagið eða fjármagnað það.

Erlendir gjaldmiðlar

3. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í lok tímabilsins. Rekstrartekjur og gjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags.

Vaxtatekjur og vaxtagjöld

4. Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til og er miðað við virka vexti. Vaxtatekjur reiknast af kröfum á aðrar lánastofnanir, útlánnum, markaðsbréfum og afleiðusamningum. Vaxtagjöld reiknast af skuldum við lánastofnanir, innlánnum, lántöku og víkjandi lánnum. Hafi útlán verið metin í sérstakri tapshættu er hætt að tekjufæra vexti af þeim. Tekjur og gjöld sem jafna má til vaxta, svo sem lántökugjöld, eru færð með vaxtatekjum og gjöldum, eftir því sem þau falla til.

Þjónustutekjur

5. Bankinn veitir viðskiptamönnum sínum ýmsa þjónustu og hefur af því tekjur. Undir þjónustutekjur falla meðal annars þóknunartekjur af útlánastarfsemi. Þjónustutekjur eru færðar í rekstrarreikning bankans þegar þær verða til.

Hagnaðarhlutur

6. Hagnaðarhlutur er hlutfall hagnaðar og vegins meðaltals hlutafjár á tímabilinu og sýnir hver hagnaðurinn er á hverja krónu hlutafjár. Hagnaður á tímabilinu nemur 221 millj. kr. og vegið meðaltal nafnverðs hlutafjár var 1.097 millj. kr.

Skýringar, frh.:

Útlán

7. Útlán eru færð til eignar með áföllnum vöxtum, verðbótum og gengismun í lok júní. Verðtryggð útlán eru færð miðað við vísitölur sem tóku gildi í júlíbyrjun 2004 og gengistryggð lán miðað við gengi viðkomandi gjaldmiðla í lok tímabilsins.
8. Afskriftareikningur útlána er myndaður til að mæta áhættu sem fylgir útlánastarfseminni, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Bankinn leggur í þennan reikning með hliðsjón af metinni útlánaáhættu hverju sinni. Annars vegar er um að ræða framlag vegna skuldbindinga lánþega sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar framlag til að mæta almennri útlánaáhættu. Hafi útlán verið metin í sérstakri tapshættu er hætt að tekjufæra vexti af þeim. Afskriftareikningurinn er dreginn frá útlánum í efnahagsreikningi.
9. Bankinn hefur innleyst eignir vegna fullnustukrafna. Fullnustueignir eru færðar á áætluðu markaðsverði í árshlutareikningi bankans.

Markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum

10. Verðbréf í eigu bankans eru fjárfestingarhlutabréf. Til fjárfestingarhlutabréfa teljast bréf sem tekin hefur verið formleg ákvörðun um að eiga til lengri tíma en eins árs. Fjárfestingarhlutabréf eru eignfærð á kostnaðarverði eða markaðsverði ef það er lægra.

Rekstrarfjármunir

11. Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Húsbúnaður	5 ár
Skrifstofuáhöld og tæki	3-5 ár
Bifreiðar	7 ár

Tekjuskattsskuldbinding

12. Tekjuskattsskuldbinding bankans er reiknuð og færð í árshlutareikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattauppgjöri annars vegar og árshlutareikningi hins vegar. Mismunur sem þannig kemur fram stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskilin og er þar í meginatriðum um að ræða tímamismun á færslu tekna og gjalda í skattauppgjöri annars vegar og í árshlutareikningi hins vegar. Bankinn nýtir sér heimildir í skattalögum til að samskatta sig við SPRON frá og með árinu 2004.

Handbært fé

13. Til handbærs fjár í sjóðstreymi teljast gjaldkræfar kröfur á lánastofnanir. Handbært fé nemur samtals 62 millj. kr. í lok tímabilsins.

Skýringar, frh.:

Afleiðusamningar

14. Afleiður eru fjármálasamningar þar sem samnings- eða nafnverðsfjárhæðir eru ekki færðar í efnahagsreikning bankans, ýmist vegna þess að réttindi og skyldur myndast vegna eins og sama samningsins, samningar taka ekki gildi fyrir en eftir uppgjörsdag eða nafnverðsfjárhæðirnar eru eingöngu notaðar sem breytur við útreikninga á öðrum stærðum. Nafnverðsfjárhæðir afleiðusamninga gefa ekki endilega til kynna fjárhæð greiðslna sem þeim tengjast eða markaðs- og útlánaáættu þeirra. Sem dæmi um afleiðusamninga má nefna framvirka gjaldmiðlasamninga, valréttarsamninga, skiptasamninga, framtíðarsamninga og framvirka vaxtasamninga. Verðmæti þeirra geta meðal annars byggst á vaxtahlutföllum og verði gjaldmiðla, vöru, skuldabréfa og hlutbréfa.

Með afleiðusamningum bankans er almennt stefnt að því að draga úr gengisáhættu bankans og viðskiptamanna hans. Afkoma afleiðusamninga er færð í rekstrar- og efnahagsreikning. Samningar með jákvæða stöðu eru færðir til eignar með kröfum á lánastofnanir, en samningar með neikvæða stöðu meðal skulda við lánastofnanir.

Markaðsáhætta afleiðusamninga skapast vegna breytinga á verði þeirra þátta sem samningarnir byggja á, svo sem vaxtabreytingum eða breytingum á verði gjaldmiðla og skráðra verðbréfa. Útlánaáhætta endurspeglar tap sem bankinn yrði fyrir ef mótaðili í afleiðusamningi gæti ekki efnt sinn hluta hans.

Framvirkir samningar og framtíðarsamningar um gjaldmiðla eru færðir í árshlutareikning bankans á markaðsvirði í lok júní.

Útlán

15.	Heildarfjárhæð óvaxtaberandi útlána í lok tímabilsins greinist þannig:		30.6.2004	31.12.2003
	Útlán sem sérstakar afskriftir hafa verið færðar fyrir		821.838	120.879
	Sérstakur afskriftareikningur útlána	(135.564)	(51.835)
	Önnur vaxtafryst útlán		925.352	724.223
	Óvaxtaberandi útlán samtals		<u>1.611.626</u>	<u>793.267</u>
16.	Afskriftareikningur útlána greinist þannig:			
		Afskriftareikningur	30.6.2004	31.12.2003
		Sérstakur	Samtals	Samtals
	Afskriftareikningur útlána í ársbyrjun	51.835	311.245	264.091
	Framlag í afskriftareikning á tímabilinu	100.000	100.000	90.000
	Endanlega töpuð útlán	(16.271)	(16.271)	(42.846)
	Afskriftareikningur útlána í lok tímabils	<u>135.564</u>	<u>394.974</u>	<u>311.245</u>
	Afskriftareikningur útlána í hlutfalli af útlánnum	0,8%	2,4%	2,3%

Skýringar, frh.:

Markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum

17. Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:

	Nafnverð	Bókfært verð
Fjárfestingarhlutabréf:		
Óskráð hlutabréf	32.160	<u>32.160</u>

Eignir og skuldir háðar gengisáhættu

18. Heildarfjárhæð eigna bankans í erlendum gjaldmiðlum nam 1.174 millj. kr. í lok júní og heildarfjárhæð slíkra skulda nam á sama tíma 1.081 millj. kr. Með eignum og skuldum í þessu sambandi eru taldir gjaldmiðla- og vaxtaskiptasamningar sbr. skýringu 21.

Eigið fé

19. Samkvæmt samþykktum bankans nemur heildarhlutafé hans 1.215 millj. kr. í lok tímabilsins. Eigin hlutabréf námu 118 millj. kr. í lok tímabilsins og er hlutafé samkvæmt efnahagsreikningi því 1.097 millj. kr.

Yfirlit um eigið fé:	Hlutafé	Yfirverðs- reikningur hlutafjár	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2004	1.096.702	142.445	131.731	1.559.387	2.930.265
Hagnaður tímabilsins				221.256	221.256
Eigið fé 30.06.2004	<u>1.096.702</u>	<u>142.445</u>	<u>131.731</u>	<u>1.780.643</u>	<u>3.151.521</u>

20. Eigið fé í lok júní nemur 3.152 millj. kr. Eiginfjárlutfall, sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki, er 26,7% en samkvæmt lögnum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%. Hlutfallið reiknast þannig:

	Bókfærð staða	Vegin staða	
		30.6.2004	31.12.2003
Áhættugrunnur:			
Bókfærðar eignir	15.827.398	11.791.048	11.126.052
Ábyrgðir og aðrir liðir utan efnahagsreiknings		7.451	8.557
Áhættugrunnur samtals		<u>11.798.499</u>	<u>11.134.609</u>
Eigið fé:			
Bókfært eigið fé		<u>3.151.521</u>	<u>2.930.265</u>
Eigið fé samtals		<u>3.151.521</u>	<u>2.930.265</u>
Eiginfjárlutfall		26,7%	26,3%

Skuldbindingar utan efnahagsreiknings

21. Bankinn hefur gert gjaldmiðlaskiptasamninga við viðskiptamenn sína sem greinast þannig:

	30.6.2004	31.12.2003
Gjaldmiðlaskiptasamningar:		
Eignir í erlendum gjaldmiðlum	129.439	0
Eignir í íslenskum krónum	929.897	1.083.141
Skuldir í erlendum gjaldmiðlum	929.919	1.056.173
Skuldir í íslenskum krónum	130.254	0

Með framangreindum samningum er að því stefnt að draga úr gengisáhættu bankans. Áhætta bankans vegna þessara samninga felst í gengis- og vaxtamun, en áhættan í lok tímabilsins er jafngild útlánum að fjárhæð 37 millj. kr. við mat á eiginfjárlutfalli bankans samkvæmt gildandi reglum.